

Reykjavík, 17. desember 2013

Niðurstaða úttektar á áhættustýringu váttryggingafélaga

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athuganir á áhættustýringu váttryggingafélaga með heimsókn og gagnaöflun á þriðja ársfjórðungi 2013 á grundvelli 8. og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þau félög sem athugunin beindist að voru: Okkar líftryggingar hf., Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf., Váttryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf. Fjármálaeftirlitið gaf í janúar 2011 út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2011, um áhættustýringu váttryggingafélaga og var markmið tilmælanna að leiðbeina váttryggingafélögum um bestu framkvæmd áhættustýringar. Tilmælin eru mikilvægur liður í undirbúningi váttryggingafélaga fyrir innleiðingu krafna Solvency II tilskipunarinnar, nr. 2009/138/EB. Athugun Fjármálaeftirlitsins beindist að því að kanna hvort áhættustýring váttryggingafélaga væri í samræmi við nefnd tilmæli.

Í kjölfar athugana ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslur þar sem fram komu ábendingar eftirlitsins. Félögunum var gefið tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegum skýrslum dags. 4. desember 2013 var tekið tillit til athugasemda félaganna eftir því sem tilefni þótti til.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndra athugana.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er áhættustýring váttryggingafélaganna almennt í góðu horfi. Ekki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd áhættustýringar en settar voru fram ábendingar um þau atriði sem Fjármálaeftirlitið taldi að betur mættu fara hjá hverju félagi fyrir sig.

Það er einnig mat Fjármálaeftirlitsins að váttryggingafélögin séu almennt vel á veg komin með að byggja upp og innleiða ferli vegna eigin áhættu- og gjaldpósmats (þekkt undir heitinu ORSA), sbr. leiðbeiningar Fjármálaeftirlitsins vegna eigin áhættu- og gjaldpósmats váttryggingafélaga.